

BREYTING Á TILNEFNINGU RÉTTHAFA

Undirrituð/aður tilnefnir eftirfarandi réttihafa að líftryggingu sinni nr. _____
Fyrri tilnefning réttihafa fellur úr gildi á sama tíma og þessi tekur gildi. (**Merkið aðeins við einn valkost**).

Ekki tilnefndur réttihafi:

Sé ekki tilnefndur réttihafi bóta fer um rétt til greiðslu samkvæmt 100. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Það þýðir að líftryggingarfjárhæðin rennur til maka váttryggðs. Ef váttryggður lætur ekki eftir sig maka fellur líftryggingarfjárhæðin til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá.

Með **maka** er í lögnum átt við maka í hjúskap eða staðfestri samvist en ekki maka í óvígðri sambúð. Sambúðarmaki getur aðeins öðlast rétt til greiðslu líftryggingarfjárhæðar þegar hann er tilnefndur sérstaklega sem réttihafi.

Lögerfingjar:

Þessi tilnefning þýðir t.d., að ef líftryggði lætur eftir sig maka og börn gengur 1/3 fjárhæðarinnar til maka en 2/3 til barna. Athugið að með maka er átt við maka líftryggðs í hjúskap eða staðfestri samvist. Sambúðarmaki fellur ekki hér undir.

Skráning réttihafa á nafn:

Hægt er að tilnefna einn eða fleiri réttihafa að líftryggingarfjárhæð. Sé líftryggður í hjúskap eða staðfestri samvist ber félaginu samkvæmt 101. gr. laga nr. 30/2004 að tilkynna maka hans um tilnefningu réttihafa.

_____ kt. _____
_____ kt. _____
_____ kt. _____
_____ kt. _____

Óafturkallanleg tilnefning á réttihafa líftryggingarfjárhæðar:

Tilnefning réttihafa er óafturkallanleg þegar líftryggður hefur lofað réttihafanum að afturkalla ekki tilnefninguna. Slíkri tilnefningu verður ekki breytt án skriflegs samþykkis réttihafa.

Hér með tilnefni ég neðangreindan aðila sem óafturkallanlegan réttihafa líftryggingarfjárhæðar við andlát mitt.
nafn _____ kt. _____

Óafturkallanleg tilnefning réttihafa felur í sér loforð til réttihafans og krefst undirskriftar hans eða þess að lögð sé fram sérstök yfirlýsing þar sem loforðið kemur skýrlega fram. T.d. þegar réttihafi er lánastofnun ber að framvísa lánasamningi þar sem loforð um ráðstöfun greiðslna er staðfest.

eiginhandarundirskrift réttihafa _____
 yfirlýsing dags. _____, sjá meðfylgjandi skjal.

Dags. _____

Undirritun váttryggðs _____ kt. _____